

29

12. apríl

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands.

Samkvæmt þegnlegum tillögum ráðuneytisins hefir Hans hátign konunginum 15. febrúar þ. á. þóknast allramildilegast, að staðfesta eftirfarandi

BREYTING

á reglugerð fyrir Háskóla Íslands.

Aftan við 2. lið 29. gr. bætist:

„og skulu stúdentar leggja fram skilríki fyrir því, að þeir hafi samvizkusamlega tekið þátt í æfingum, áður en þeir ganga undir fyrra hluta embættisprófs“.

Aftan við nefnda grein bætist:

„14) Minnstu kröfur um verklegt nám eru sem hér segir:

Í miðhluta: 3 mánuðir í handlæknisdeild

3 — - lyflæknisdeild

2 — - rannsóknarstofu

1 — - röntgendeild.

Í síðara hluta: 1½ mánuður í lyflæknisdeild.

1½ — - handlæknisdeild.

Skulu stúdentar leggja fram skilríki fyrir þessu námi um leið og þeir innrita sig til embættisprófs“.

Þetta birtist hérmeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í kennslumálaráðuneytinu, 12. apríl 1934.

Þorsteinn Briem.

Gissur Bergsteinsson.

30

25. apríl

AUGLÝSING

um samkomulag milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breyting á orðalagi 1., 3. og 6. gr. samnings dags. 28. jan. 1926 milli sömu ríkja um haffæri skipa og skipsbúnað.

SAMKOMULAG

um breyting á orðalagi I. III. og VI. greinar samnings dags. 28. janúar 1926 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um haffæri skipa og skipsbúnað.

Hans hátign konungur Íslands og Danmerkur; forseti lýðveldisins Finnland; hans hátign konungur Noregs; hans hátign konungur Svíaríkis hafa gefið undirrituðum umboð til þess að gera svohljóðandi samkomulag: